

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/867****2020/EES/54/04****frá 7. febrúar 2017****um flokka ráðstafana sem vernda skal við hlutaframsal eigna skv. 76. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (1), einkum 76. mgr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2014/59/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggja vernd tiltekinna flokka ráðstafana við hlutaframsal eigna, réttinda og skuldbindinga stofnunar sem er í skilameðferð. Krafist er sömu verndar þegar skilastjórnvald þvingar fram breytingar á skilmálum sammings sem stofnun í skilameðferð á aðild að. Slík vernd miðar að því að koma í veg fyrir að eignir, réttindi og skuldbindingar, sem tengjast fyrir tilstilli þess konar ráðstafana, skiljist að þegar hlutaframsal eða sammingsbreytingar hafa orðið.
- 2) Til að tryggja að þessari vernd sé beitt á réttan hátt er nauðsynlegt að tilgreina nákvæmlega hvaða gerðir ráðstafana falla undir hvern flokk sem settur er fram í tilskipun 2014/59/ESB. Sú aðferð sem hentar best við þessa tilgreiningu er að setja fram nákvæmar reglur og skilgreiningar til viðbótar við þær sem fram koma í tilskipun 2014/59/ESB. Það telst betra en að taka saman lista yfir tilteknar ráðstafanir sem hægt er að semja um samkvæmt mismunandi landslögum aðildarríkjanna þar sem erfitt væri að ljúka við slíkan lista og hann þyrfti stöðugt að uppfæra. Þannig ætti þessi reglugerð að skýra og, ef nauðsyn krefur, takmarka gildissvið verndar í hinum ýmsu formum sem kveðið er á um í tilskipun 2014/59/ESB fyrir hvern flokk ráðstafana.
- 3) Hinum mismunandi flokkum ráðstafana í 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er lýst á ólíkan hátt: sumir flokkar eru skilgreindir að fullu en aðrir eru ekki eins skýrt ákvarðaðir. Auk þess vísa sumir flokkar til einnar tegundar sammingsbundinna tengsla og skuldbindinga eða fárra tegunda sammingsbundinna tengsla og skuldbindinga en aðrir ná yfir meiri fjölda og ótakmarkað svið sammingsbundinna skuldbindinga, viðskipta og tengsla. Þeir síðarnefndu gætu mögulega náð yfir öll lagaleg og sammingsbundin tengsl stofnana við einn eða fleiri mótaðila sína. Ef vernda ætti þessa flokka ráðstafana að fullu gætu skilavöld átt í erfiðleikum með að beita hlutaframsali, ef það væri þá hægt yfir höfuð. Því er rétt að forðast of víðtæka vernd sem gæti mögulega náð til allra eigna, réttinda og skuldbindinga stofnunar við mótaðila sína.
- 4) Nokkrir flokkar verndaðra ráðstafana eru skilgreindir á almennari hátt í tilskipun 2014/59/ESB. Til að auka vissu um gildissvið þeirra, nánar tiltekið í tengslum við tryggingaráðstafanir, skuldajöfnun, greiðslujöfnunarráðstafanir og samsetta fjárhagslega samninga, ætti að tilgreina þessa flokka nánar. Þessi framselda reglugerð ætti ekki að koma í veg fyrir að við hlutaframsal geti skilastjórnvöld tilgreint nánar þær gerðir skuldajöfnunar og greiðslujöfnunar sem vernda

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútö. ESB L 131, 20.5.2017, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútö. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

skal í einstökum tilvikum hlutaframsals, ef þær ráðstafanir eru viðurkennt úrræði til áhættumildunar samkvæmt gildandi varfærnisreglum og vernd er skilyrði slíkrar viðurkenningar, einkum vegna þess að hún kemur í veg fyrir uppskiptingu. Skilastjórnvöld ættu að geta tekið ákvarðanir um slíka aukna vernd í hverju skilameðferðartilviki fyrir sig.

- 5) Mótaðilar stofnunarinnar geta komið sér saman um svonefndan almennan skuldajöfnunarsamning sem tekur til allra réttinda og skuldbindinga milli aðilanna. Með þess háttar samningi væru hvers konar skuldbindingar milli aðilanna verndaðar fyrir því að skiljast frá hvor annarri. Það myndi gera hlutaframsal í tengslum við þann mótaðila ómögulegt og myndi almennt séð stofna í hættu hagkvæmni úrræðisins yfir höfuð, þar sem skilastjórnvöld gætu mögulega ekki einu sinni greint hvaða skuldbindingar féllu undir slíkar ráðstafanir og hverjar ekki. Enn fremur ætti að taka skýrt fram að almennir samningar um greiðslujöfnun og skuldajöfnun, sem taka til allra eigna, réttinda og skuldbindinga milli aðilanna, ættu ekki að teljast verndaðar ráðstafanir.
- 6) Ákvæði 80. gr. tilskipunar 2014/59/ESB felur í sér að þó skilgreiningarnar á vernduðum ráðstöfunum, í samræmi við 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, verði þrengdar ætti það ekki að hafa áhrif á rekstur viðskipta-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfa, svo fremi að þessi kerfi falli undir gildissvið a-liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB ⁽¹⁾. Skilastjórnvöldum ætti því að vera skylt að vernda allar gerðir ráðstafana sem um getur í 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og tengjast starfsemi mótaðila sem miðlægs mótaðila. Þetta á við, en þarf ekki að takmarkast við, starfsemina sem fellur undir vanskilasjóð í 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾.
- 7) Það sama á við um eignir, réttindi og skuldbindingar sem tengjast greiðslukerfum eða verðbréfauppgjörkerfum. Þar sem greiðslujöfnunarráðstafanir, sem falla undir gildissvið tilskipunar 98/26/EB, njóta verndar, komi til ógjaldfærni, ættu þeir einnig að njóta verndar skv. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmingarskyni. Samt sem áður þykir rétt að rýmka gildissvið verndarinnar skv. 2. mgr. 76. gr. þeirrar tilskipunar svo hún nái yfir allar ráðstafanir með greiðslu- eða verðbréfauppgjörkerfi og starfsemi sem tengist þeim, eftir því sem við á.
- 8) Þó nauðsynlegt sé að tilgreina gildissvið ráðstöfunar sem nýtur verndar í ákveðnum tilvikum, skv. 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ætti það almennt ekki að koma í veg fyrir að skilastjórnvöld verndi einhvern flokk ráðstafana sem hægt er að fella undir einhvern flokkinn í þeirri grein og sem við ógjaldfærni meðferð nýtur verndar fyrir uppskiptingu eigna, réttinda og skuldbindinga sem falla undir þá samninga samkvæmt landslögum um ógjaldfærni þ.m.t. landsbundinni lögleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB ⁽³⁾. Þetta á við í tilfellum þar sem lánardrottinn nýtur enn góðs af þeim réttindum sem fylgja ráðstöfuninni nema viðskiptin í heild sinni hafi verið ógild samkvæmt landslögum um ógjaldfærni. Þetta gildir einkum um tryggingaráðstafanir, skuldajöfnun og greiðslujöfnunarráðstafanir sem njóta verndar samkvæmt landslögum um ógjaldfærni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í tilskipun 2014/59/EB. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „verðbréfun“: verðbréfun eins og hún er skilgreind í 61. lið 1. mgr. 4. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽⁴⁾,
- 2) „greiðslujöfnunarsamningur [áður samningsbundin skuldajöfnun]“: greiðslujöfnunarsamningur eins og hann er skilgreindur í 295. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörkerfum fyrir verðbréf (Stjútíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana (Stjútíð. EB L 125, 5.5.2001, bls. 15).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

*2. gr.***Skilyrði er varða tryggingaráðstafanir, þ.m.t. fjármögnunarviðskipti með verðbréf**

Tryggingaráðstafanir, skv. a-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu ná yfir eftirfarandi:

- 1) ráðstafanir sem mæla fyrir um tryggingar, persónulegar skuldaábyrgðir og aðrar ábyrgðir,
- 2) veð og aðrar tryggingar í fasteignum
- 3) verðbréfalánveitingar sem fela ekki í sér framsal fulls eignarhalds á tryggingunni og sem snerta einn aðila (lánveitandann) sem lánar verðbréf til hins aðilans (lántakans) gegn gjaldi eða greiðslu vaxta og þar sem lántakinn veitir lánveitandanum tryggingu yfir allan lánstímann.

Tryggingaráðstafanir skulu aðeins teljast ráðstafanir skv. a-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/29/ESB ef réttindin eða eignirnar, sem tryggingaréttindin tengjast, eða myndu tengjast ef grundvöllur yrði til fullnustu, eru nægilega vel skilgreind eða þau er hægt að skilgreina í samræmi við skilmála ráðstöfunarinnar og gildandi landslög.

*3. gr.***Skilyrði sem varða skuldajöfnun**

1. Skuldajöfnun sem stofnun og einn mótaðili koma sér saman um skal teljast ráðstöfun skv. c-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ef það varðar réttindi og skuldbindingar sem leiðir af fjárhagslegum samningum eða afleiðum.
2. Skuldajöfnun sem stofnun og einn eða fleiri mótaðilar koma sér saman um skal teljast ráðstöfun skv. c-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB við eftirfarandi aðstæður:
 - a) ef ráðstöfunin tengist starfsemi mótaðila sem miðlægs mótaðila, einkum vegna starfsemi sem fellur undir vanskilasjóð sem um getur í 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
 - b) ef ráðstöfunin varðar réttindi og skyldur gagnvart kerfum sem skilgreind eru í a-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB eða öðrum greiðslukerfum eða verðbréfauppgjörskerfum og tengist starfsemi þess sem greiðslukerfi eða verðbréfauppgjörskerfi.
3. Skilastjórnvöld geta ákveðið, í einstökum tilvikum, að skuldajöfnun sem stofnun og einn eða fleiri mótaðilar koma sér saman um, svo fremi það varði annars konar réttindi og skuldbindingar en þau sem um getur í 1. og 2. mgr., geti talist ráðstöfun skv. c-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ef hún er viðurkennt úrræði til áhættumildunar samkvæmt gildandi varfærnisreglum og verndin er skilyrði slíkrar viðurkenningar, einkum vegna þess að hún kemur í veg fyrir uppskiptingu.

*4. gr.***Skilyrði sem varða greiðslujöfnunarráðstafanir**

1. Greiðslujöfnunarsamningar sem stofnun og einn mótaðili stofna til skulu teljast greiðslujöfnunarráðstafanir eins og um getur í d-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ef þeir varða réttindi og skuldbindingar sem leiðir af fjárhagslegum samningum eða afleiðum.
2. Greiðslujöfnunarsamningar sem stofnun og einn mótaðili stofna til skulu teljast greiðslujöfnunarráðstafanir eins og um getur í d-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB við eftirfarandi aðstæður:
 - a) ef ráðstafanirnar tengjast starfsemi mótaðila sem miðlægs mótaðila, einkum vegna starfsemi sem fellur undir vanskilasjóð sem um getur í 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
 - b) ef ráðstafanirnar varða réttindi og skyldur gagnvart kerfum sem skilgreind eru í a-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB eða öðrum greiðslukerfum eða verðbréfauppgjörskerfum og tengjast starfsemi þess sem greiðslukerfi eða verðbréfauppgjörskerfi.

3. Skilastjórnvöld geta ákveðið, í einstökum tilvikum, að greiðslujöfnunarráðstafanir sem stofnun og einn eða fleiri mótaðilar stofna til, geti talist ráðstafanir skv. d-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ef þær eru viðurkenndar til áhættumildunar samkvæmt gildandi varfærnisreglum og verndin er skilyrði slíkrar viðurkenningar, einkum vegna þess að hún kemur í veg fyrir uppskiptingu.

5. gr.

Almenn skilyrði sem gilda um tryggingarástafanir, skuldajöfnun, greiðslujöfnunarráðstafanir og samsetta fjárhagslega samninga

1. Ákvæði 2., 3. og 4. gr. hafa ekki áhrif á eftirfarandi heimildir skilastjórnvalda:

- a) til að vernda hvers konar ráðstafanir sem hægt er að fella undir einhvern flokkanna í a-, c-, d-, og f-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og sem, við hefðbundna ógjaldfærimeðferð, er verndað fyrir tímabundinni eða varanlegri uppskiptingu, frestun eða afturköllun á eignum, réttindum og skuldbindingum sem falla undir þessar ráðstafanir samkvæmt landslögum um ógjaldfærni þ.m.t. landsbundinni lögleiðingu á tilskipun 2001/24/EB,
- b) til að vernda hvers konar ráðstafanir sem ekki falla undir gildissvið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og sem, við hefðbundna ógjaldfærimeðferð, er verndað fyrir tímabundinni eða varanlegri uppskiptingu, frestun eða afturköllun á eignum, réttindum og skuldbindingum sem falla undir þessar ráðstafanir samkvæmt landslögum um ógjaldfærni þ.m.t. landsbundinni lögleiðingu á tilskipun 2001/24/EB.

2. Skilastjórnvöld geta, í einstökum tilvikum, undanskilið tryggingarástafanir, skuldajöfnun og greiðslujöfnunarráðstafanir frá verndinni sem veitt er skv. 1. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ef þær varða samninga sem hafa að geyma ákvæði sem, komi til vanskila mótaðila, heimila mótaðila sem ekki er í vanskilum að inna aðeins af hendi takmarkaðar eða alls engar greiðslur til bús vanskilaaðilans, jafnvel þótt vanskilaaðilinn eigi hreina kröfu.

6. gr.

Skilyrði er varða samsetta fjárhagslega samninga, þ.m.t. verðbréfanir og gerninga sem notaðir eru til áhættuvarna

1. Samsettir fjárhagslegir samningar skv. f-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu ná yfir eftirfarandi:

- a) verðbréfanir þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar hafa verið settar í áhættulög og yfirfærðar með framsali fulls eignarréttar af efnahagsreikningi upphafsaðila til stofnunar eða einingar í skilameðferð (hefðbundin verðbréfun),
- b) verðbréfanir með samningsbundnum gerningum, þar sem undirliggjandi eignir eru áfram á efnahagsreikningi stofnunarinnar eða einingarinnar sem er í skilameðferð (gerviverðbréfun).

Í hefðbundinni verðbréfun skal hvers konar hlutverk upphafsaðila í skipulagi, s.s. við umsýslu lánanna, veitingu hvers konar áhættuvarnar eða veitingu lausafjár, teljast skuldbinding sem myndar hluta samsettu fjárhagslegu samninganna.

Í gerviverðbréfun skulu tryggingaréttindin aðeins álitinn réttindi sem mynda hluta samsettu fjárhagslegu samninganna ef hann tengist sérstökum og nægilega vel skilgreindum eignum eða eignum sem hægt er að skilgreina í samræmi við skilmála samkomulagsins og gildandi landslög.

2. Samningar sem mynda verðbréfun sem nær yfir gagnkvæm tengsl milli upphafsaðila, útgefenda, vörsluaðila, umsýsluaðila, þeirra sem fara með reiðufjárstjórnun og mótaðila í skiptasamningum og við útlánavarnir, skulu teljast hluti samsettra fjárhagslegra samninga ef þessi gagnkvæmu tengsl tengjast með beinum hætti undirliggjandi eignum og greiðslum vegna ágóða af þessum eignum til eigenda samsettu gerninganna. Til þessara gagnkvæmu tengsla teljast skuldbindingar og réttindi er varða undirliggjandi eignir, skuldbindingar samkvæmt útgefnum gerningum og tryggingarástafanir, þ.m.t. afleiðuviðskipti, sem nauðsynleg eru til að viðhalda greiðslufæði samkvæmt þessum skuldbindingum.

3. Ákvæði 2. mgr. skal ekki hafa áhrif á heimildir skilavalds til að ákveða, í hverju tilviki fyrir sig og með hliðsjón af sérstakri uppbyggingu samsettu fjárhagslegu samninganna í samræmi við f-lið 2. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, hvort aðrir samningar milli aðilanna sem um getur í 2. mgr., s.s. lánaumsýslusamningar, sem ekki tengjast með beinum hætti undirliggjandi eignum og greiðslum sem inna skal af hendi, skuli vera hluti af slíkum samsettum fjárhagslegum samningi.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
